

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**

Sendandi: **Íris Bjargmundsdóttir**

Dagsetning: **16.10.2012**

Málsnúmer: **UMH12080028**

Bréfalykill: **0012**

Efni: Athugasemdir ráðuneytis og Skipulagsstofnunar við umsagnir vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

I. Inngangur

Í frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum er gerð tillaga um fjölgun þeirra framkvæmda sem tilkynna ber til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Er einnig gerð tillaga um breytingu á skipulagi viðaukanna á þann hátt að í stað þriggja viðauka eru þeir nú tveir. eru 1. og 2. viðauki settir saman í einn viðauka sem verður 1. viðauki og verður nógildandi 3. viðauki því að 2. viðauka. Er skipulagi viðaukanna breytt á þann hátt að þær framkvæmdir sem tilheyrt hafa 1. viðauka laganna falla nú í flokk A. Þær framkvæmdir sem tilheyrt hafa 2. viðauka nógildandi laga falla nú í flokk B. Þær nýju framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að falli nú undir lögina en hafa ekki gert það fram að þessu tilheyra nú flokki C.

Er framangreind tillaga lögð til vegna athugasemda ESA um að Íslandi hafi ekki innleitt tilskipun nr. 85/337/EBE um mat á umhverfisáhrifum á réttan hátt í ljósi dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins. Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins er ekki heimilt að fara þá leið að notast við viðmið (þröskuldsgildi) á þann hátt sem Ísland hefur gert í nógildandi lögum. Á fundum umhverfisráðuneytis og ESA upplýsti ESA að gerð væri krafa um að þær framkvæmdir sem falli utan við núverandi viðmiðunarmörk 2. viðauka nógildandi laga um mat á umhverfisáhrifum verði metnar út frá þeim viðmiðunum sem fram koma í 3. viðauka laganna. Enn fremur upplýsti ESA að ekki væri gerð krafa um sambærilega málsmeðferð fyrir þær framkvæmdir og framkvæmdir sem er að finna í 2. viðauka nógildandi laga. Er Íslandi þannig heimilt að taka upp einfaldari málsmeðferð fyrir þær framkvæmdir sem falla utan við viðmiðunarmörk 2. viðauka laganna.

Í fjölmörgum umsögnum við frumvarpið sem bárust umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er bent á skýrslu frá Háskólanum í Reykjavík sem kom út í byrjun árs 2012 og nefnist Mat á umhverfisáhrifum – tilkynningaskylda. ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda 2004-2009. Höfundar eru Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Sigbjörn Þór Birgisson. Í þeirri skýrslu kemur fram að 8% framkvæmda sem tilkynntar hafa verið til Skipulagsstofnunar á grundvelli 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum hafi verið úrskurðaðar matskyldar. Er niðurstaða skýrslunnar sú að framangreindi tölfræði bendi til þess að frekar sé ástæða til að draga úr tilkynningaskyldu, til að bæta virki laganna, heldur en að fjölga tilkynningum til Skipulagsstofnunar eins og lagt er til í frumvarpinu.

Það liggur fyrir samkvæmt dómum Evrópudómstólsins að aðildarríki geta ekki sett viðmiðunargildi þannig að allar framkvæmdir af tiltekinni tegund falli sjálfkrafa utan mats- og tilkynningarskyldu nema hægt sé að sýna fram á að allar þær framkvæmdir, þegar þær eru skoðaðar í heild, séu ekki líklegar til að hafa veruleg umhverfisáhrif. Ef farin yrði sú leið sem skýrsluhöfundar leggja til þ.e. að bæta við frekari viðmiðunum t.d. varðandi staðsetningu og eiginleika/eðli framkvæmda við þær viðmiðanir sem nú eru til staðar, t.d. varðandi stærð eða að hækka stærðarmörk enn frekar, í nógildandi lögum væri samkvæmt framansögðu verið að fara gegn ákvæðum tilskipunarinnar. Ráðuneytið bendir á að það

teljist til vandaðrar málsmeðferðar og vera í samræmi við markmið tilskipunarinnar að matsskylda framkvæmda í II. viðauka tilskipunarinnar sé ákvörðuð í hverju tilviki fyrir sig (case-by-case) með tilkynningu framkvæmdanna til Skipulagsstofnunar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ekki er talið hægt að rökstyðja, ef farin væri sú leið við endurskoðun og breytingar á 2. viðauka nágildandi laga að setja viðmið eða þröskuldsgildi (thresholds of criteria) sem taka til stærðar, staðsetningar og eiginleika/eðli framkvæmda, hvernig þau þröskuldsgildi tryggja að framkvæmdir neðan/utan þeirra séu ekki líklegar til þess að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og eigi því ekki að falla undir lög. Enn fremur er óljóst hvaða viðmið mundu tryggja að aðeins þær framkvæmdir sem taldar eru hafa áhrif á umhverfið væru tilkynningarskyldar eða matsskyldar.

Tilgangur með umhverfismati framkvæmda er að leiða í ljós áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdinni og í hana er ráðist. Þannig er tryggt að tekin verði upplýst ákvörðun um framkvæmdina byggð á þekkingu á áhrifum hennar. Þegar Skipulagsstofnun tekur þá ákvörðun að framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þá gefur það til kynna að nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir um hver áhrif af framkvæmdinni verði. Það gefur vísbendingu um að við undirbúning framkvæmdarinnar hafi verið horft til áhrifa framkvæmdarinnar á umhverfið og reynt hafi verið að lágmarka áhrif hennar á umhverfið. Í ljósi framangreinds má því segja að það sé því í raun markmið með mati á umhverfisáhrifum að sem færstar framkvæmdir séu matsskyldar. Það hversu fáar framkvæmdir hafa verið skyldaðar í mat gefur vísbendingu um að lög um mat á umhverfisáhrifum nái þeim tilgangi sínum.

II. Athugasemdir við umsagnir einstaka aðila

1. Samtök atvinnulífsins/samtök iðnaðarins

Í umsögn sinni benda framangreindir aðilar á að dómur sá sem ESA nefnir að hafi verið ástæða þess að ESA tók til skoðunar innleiðingu EFTA ríkjanna á tilskipun nr. 85/337/EBE (dómur Evrópudómstólsins nr. C-255/08) sé aðeins til sem úrdráttur og því sé útilokað að leggja mat á fordæmisgildi hans gagnvart lögum um mat á umhverfisáhrifum og þörf þess að gera breytingar á lögnum. Ráðuneytið bendir á að framangreindur dómur Evrópudómstólsins er aðeins til í heild sinni á hollensku og frönsku en úrdráttur er til á ensku. Dómurinn er aðeins einn af mörgum sem fallið hafa um innleiðingu aðildarríkja ESB á tilskipun um mat á umhverfisáhrifum og notkun viðmiða. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu eru nokkrir þeirra nefndir og niðurstaða dómstólsins reifuð í þeim málum.

Umsagnaraðilar benda á hversu fáar framkvæmdir sem tilkynntar hafa verið til Skipulagsstofnar hafa verið ákvarðaðar matsskyldar. Ráðuneytið bendir á umfjöllun um fjölda matsskyldra framkvæmda í inngangi.

Umsagnaraðilar leggja til að viðhöfð verði enn einfaldari málsmeðferð en kveðið er á um í frumvarpinu varðandi þær framkvæmdir sem falla skuli í flokk C. Lagt er til að Skipulagsstofnun tilkynni innan viku hvort ætlunin sé að taka til skoðunar hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Berist slík tilkynning ekki fyrir það tímamark teljist hún ekki matsskyld. Ákveði stofnunin að taka til skoðunar hvort framkvæmd sé matsskyld þá megi gilda um þá skoðun þær reglur sem frumvarpsdrögin kveði á um.

Ráðuneytið bendir á að Skipulagsstofnun þarf að fylgja ákvæðum rannsóknarreglu stjórnsýslulaga og myndi framangreind tillaga ef hún yrði samþykkt leiða til þess að hætta væri á að mál væru ekki nægjanlega upplýst þegar ákvörðun yrði tekin í þeim.

Lagt er til að sett verði ákvæði í frumvarpið um að skili umsagnaraðilar ekki inn umsögn innan lögbodins frests sé litið svo á að engin umsögn muni berast. Samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum er frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum 10 virkir dagar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá tími verði ekki þrengdur fyrir þær framkvæmdir sem falla í flokk C heldur verði áfram veittur 10 daga frestur. Ráðuneytið bendir á að Skipulagsstofnun byggir ákvörðun sína um matskyldu framkvæmda m.a. á umsögnum umsagnaraðila. Ef Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matskyldu án þess að fyrir liggi upplýsingar sem óskað hafi verið eftir frá umsagnaraðilum aukast líkur á að ákvörðun verði ekki byggð á réttum forsendum þar sem upplýsingar skorti. Ennfremur má benda á að Skipulagsstofnun ber að uppfylla ákvæði rannsóknarreglu stjórnsýslulaga þar sem stjórnvaldi ber að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Gerð er athugasemd við að meðal verndarsvæða teljist svæði á náttúruminjaskrá, náttúruverndaráætlanir, náttúrufríbærir sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd, sem og landssvæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar skv. lögum nr. 48/2011. Er talið að með því sé verið að rýmka umtalsvert hugtakið verndarsvæði. Ráðuneytið bendir á að náttúrufríbærir sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd eru svæða sem njóta sérstakrar verndar og tilgreind eru í a-lið, iii-lið 2. töluliðar 3. viðauka nágildandi laga. Með því að tilgreina 37. gr. náttúruverndalaga er verið að

gera ákvæðið skýrara. Í frumvarpi til breytinga á lögum um náttúruvernd sem lagt var fram á 140. Lögjafarþingi (þingskjal 231, 225. mál) var gerð tillaga að breytingu á skilgreiningu verndarsvæða í lögum um mat á umhverfisáhrifum þannig að undir verndarsvæði félli: friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar á meðal svæða á náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun, og náttúruyfyrirbæra sem falla undir ákvæði 37. gr. laganna. Er tillaga að breytingu á skilgreiningu verndarsvæða í frumvarpi til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum í samræmi við framangreint frumvarp. Frumvarpið hlaut ekki endanlega afgreiðslu þingsins en vinna við frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga stendur nú yfir og er gert ráð fyrir samskonar tillögu um breytingu á skilgreiningu verndarsvæða í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Varðandi þau landsvæði er falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlun segir í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011 að stjórnvöld skuli þegar Alþingi hefur samþykkt verndar- og nýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Í samræmi við framangreint þykir eðlilegt að verndarsvæði skv. lögum nr. 48/2011 falli einnig undir verndarsvæði samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

2. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Í umsögn framangreindra samtaka er gerð athugasemd við þau ákvæði frumvarpsins sem beinast að því að auka tilkynningaskyldu vegna framkvæmda. Að mati umsagnaraðila muni það leiða til aukins kostnaðar og tafa. Í umsögninni er vísað til skýrslu Ásdísar Hlakkar og Sigbjörns Þórs um mat á umhverfisáhrifum. Fram kemur einnig að umræddar breytingar muni leiða til aukins álag fyrir sveitarfélögin með tilheyrandi kostnaði. Ráðuneytið bendir á umfjöllun um niðurstöðu skýrslu Ásdísar Hlakkar og Sigbjörns Þórs í inngangi. Varðandi aukinn kostnað og tafir ásamt athugasemdum um aukið álag á sveitarfélögin þá kemur fram í almennum athugasemdum í frumvarpinu að frumvarpið muni auka álag á sveitarfélögin þar sem búist er við fjölgun framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda. Hvað varðar aukinn kostnað sveitarfélaga kemur einnig fram að sveitarfélögum sé heimilt að innheimta kostnað vegna útgáfu framkvæmdaleyfa hjá framkvæmdaraðilum. Ráðuneytið bendir einnig á í þessu sambandi umfjöllun um framangreind atriði í svörum vegna athugasemda Hafnarsambandsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Samband íslenskra sveitarfélaga

Umsagnaraðili bendir á skýrslu Ásdísar Hlakkar og Sigbjörns Þórs um mat á umhverfisáhrifum og þess að fremur sé ástæða til að draga úr tilkynningaskyldu en að fjölga þeim. Vísar ráðuneytið til umfjöllunar í inngangi þessum varðandi þær athugasemdir. Umsagnaraðili bendir á að frumvarpið muni mögulega leiða til tafa á því að framkvæmdir geti hafist, auknum kostnaði og álagi á sveitarfélögin án þess að áætlanir séu upp um það að bæta sveitarfélögum þann kostnaðarauka. Fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu að til að koma til móts við tafir á framkvæmdum sem mögulega geta orðið vegna fjölgunar framkvæmda sem heyra undir lög um mat á umhverfisáhrifum sé gert ráð fyrir einfaldari málsmeðferð sem taki styttri tíma. Einnig kemur fram að búist er við auknu álagi á sveitarfélögin. Varðandi kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin skal bent á að sveitarfélögum er heimilt samkvæmt skipulagslögum að innheimta kostnað vegna útgáfu framkvæmdaleyfa hjá framkvæmdaraðilum. Vegna framangreindra athugasemda um kostnað í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vill ráðuneytið benda á kostnaðarmat ráðuneytisins á frumvarpinu sem er fylgiskjal frumvarpsins. Þar segir: "Niðurstaða ráðuneytisins er að aukin vinna verður hjá sveitarfélögum vegna ákvæðis 7. gr. um að við útgáfu leyfis skuli leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að innheimta þann kostnað hjá framkvæmdaaðilum. Það er því sameiginlegt mat ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga að ekki verði um kostnaðarauka að ræða hjá sveitarfélögum vegna frumvarpsins."

Fram kemur hjá umsagnaraðila að mikilvægt sé að afla gagna um hvernig nágrannaríki okkar hafi brugðist við umræddum dómi Evrópudómstólsins nr. C-255/08 og hvaða leiðir hafi verið farnar þar við breytingu á löggjöf. Ráðuneytið bendir á að við vinnslu frumvarpsins var löggjöf annarra ríkja skoðuð en mjög misjafnt er hvernig tilskipun 85/337/EBE hefur verið innleidd í landsrétt ríkja. Sums staðar er löggjöfin hluti af skipulagslögum eða öðrum lögum en sums staðar er um að ræða sér löggjöf eins og á Íslandi. Ljóst er að ekki öll ríki hafa hagað sinni löggjöf að þann hátt að hún sé í andstöðu við framangreinda tilskipun en þó hafa nokkur ríki farið þá leið sbr. þá dóma sem fallið hafa og fjallað er um í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Ráðuneytið bendir á að frumvarp þetta er tilkomið vegna athugasemda ESA og ljóst er að ef Ísland uppfyllir ekki ákvæði tilskipunarinnar þá mun ESA stefna Íslandi fyrir EFTA dómstólnum og hefur ESA nú þegar hafið þá málsmeðferð sem er undanfari slíkrar málshöfðunar. Í ljósi framangreinds er það mat ráðuneytisins að engu skiptir í þessu samhengi hvernig önnur ríki hafa brugðist við dómi Evrópudómstólsins þar sem Íslandi ber að uppfylla ákvæði

tilskipunarinnar. Það skal þó tekið fram að ráðuneytið hefur upplýsingar um að t.d í flæmska hluta Belgíu er verið að taka löggjöfina til endurskoðunar vegna framangreindra dóma og lúta þær breytingar að niðurfellingu viðmiðana og upptöku flokks C fyrir framkvæmdir sem fallið hafa utan við viðmið.

Fram kemur í umsögn að óskað sé eftir því að áfram verði í gildi stærðarmörk varðandi ýmsar minniháttar framkvæmdir. Einnig að allar minniháttar framkvæmdir sem ekki séu framkvæmdaleyfisskyldar verði undanþegnar tilkynningaskyldu. Ráðuneytið bendir á að samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins sbr. athugasemdir ESA er ekki heimilt af hafa viðmið eins og stærðarmörk framkvæmda. Ennfremur skal bent á samspil leyfis til framkvæmda og umhverfismats. Lög um mat á umhverfisáhrifum fjalla um umhverfismat leyfisskyldra framkvæmda og samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 eru allar framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélaga. Í ljósi framangreinds eru því minniháttar framkvæmdir sem ekki eru framkvæmdaleyfisskyldar undanþegnar tilkynningaskyldu ef þær falla ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Varðandi vísun í umsögn til 2. mgr. 5 gr. draga að reglugerð um framkvæmdaleyfi þá bendir ráðuneytið á að framangreindu ákvæði hefur verið breytt í loka útgáfu reglugerðarinnar sem nú hefur tekið gildi og er númer 772/2012. Fallið hefur verið frá vísun til laga um mat á umhverfisáhrifum við mat á því hvort að framkvæmd telst óveruleg þó að enn sé vísað til þeirra laga varðandi breytingar á framkvæmdum sem þegar hafa fengið útgefið framkvæmdaleyfi. Einnig er í umsögninni varðandi framangreint vísað til þess að skipulagsáætlanir sveitarfélaganna sæti umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana og því óþarfi að minniháttar framkvæmdir séu tilkynningaskyldar. Ráðuneytið bendir á að í frumvarpinu er gerð tillaga um að framkvæmdir sem falla í flokk C séu undanskýldar umhverfismati áætlana.

Í framangreindri umsögn er varpað fram þeirri hugmynd að leyfisveitanda verði heimilt að óska eftir álit Skipulagsstofnunar um mögulega matsskyldu og ganga jafnframt skemur í að lögfesta tilkynningarskyldu en lagt er til í frumvarpinu. Er talið að sú leið verði minna íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila. Ráðuneytið bendir á að hér á landi er framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum á ábyrgð ríkisins þ.e. Skipulagsstofnunar og gerir tilskipunin ráð fyrir að „competent authority“ eiga að framkvæma mat á umhverfisáhrifum. Ennfremur er með tillögunni gert ráð fyrir að ákvörðun um matsskyldu verði færð frá Skipulagsstofnun til leyfisveitanda og Skipulagsstofnun yrði umsagnaraðili í slíku matsferli. Bent skal á að Skipulagsstofnun hefur þá sérþekkingu sem til þarf vegna mats á umhverfisáhrifum en ekki einstaka leyfisveitendur. Draga verður í efa að einstaka leyfisveitendur séu í stakk búnir til að taka að sér slíkt mat. Einnig vill ráðuneytið benda á að markmið frumvarpsins er að gera nauðsynlega breytingar á lögnum sem þörf er á til að koma til móts við athugasemdir ESA og uppfylla ákvæði tilskipunarinnar. Ef fara ætti í grundvallarbreytingar á því „kerfi“ sem búið hefur verið til hér á landi í kringum mat á umhverfisáhrifum og málsmeðferð slíkra mála þá kallar það á mun dýpri og flóknari skoðun og samráði við hagsmunaaðila. Einnig má benda á að nú stendur yfir endurskoðun á tilskipun um mat á umhverfisáhrifum hjá ESB og telur ráðuneytið það mun skynsamari leið að bíða og sjá hvaða breytingar verði boðaðar með nýrri tilskipun.

Í umsögninni er óskað eftir breytingu á 1. gr. frumvarpsins á þá vegu að tilkynningaskyldar framkvæmdir skv. flokki C í frumvarpinu séu aðeins leyfisskyldar framkvæmdir samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi. Ráðuneytið bendir á að samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi er það sveitarfélagsins að meta hvaða framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi en ávallt er þó gert ráð fyrir því að framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum séu háðar leyfi. Ef farið væri að framangreindum tillögum umsagnaraðila þá væri það orðið mat sveitarfélagsins hvaða framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki C í frumvarpinu eigi að verða háðar framkvæmdaleyfi samkvæmt reglugerð þar um. Slík ráðstöfun gengur ekki upp þar sem lög um mat á umhverfisáhrifum fjalla um framkvæmdir sem eru leyfisskyldar. Ennfremur eru þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki C einnig að finna í tilskipun um mat á umhverfisáhrifum og samkvæmt athugasemdum ESA ber að tilkynna slíkar framkvæmdir til umhverfismats.

Í framangreindri umsögn kemur fram að málsmeðferð Skipulagsstofnunar taki á bilinu 5-8 vikur en dæmi sé um lengri afgreiðslutíma. Sé óraunhæft að stofnunin nái að sinn auknum verkefnum með óbreyttum starfsmannafjölda. Varðandi fjölgun framkvæmda er bent á umfjöllun vegna umsagna Hafnarsambandsins.

Í umsögninni er lagt til að heimilt verði að gefa út framkvæmdaleyfi þótt ákvörðun um matsskyldu liggja ekki fyrir. Ráðuneytið bendir á að samkvæmt skipulagslögum er ekki heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nema að fyrir liggja ákvörðun um hvort að framkvæmdin sé matsskyld.

Farið er fram á að sett sé lágmarksstærð varðandi nokkrar framkvæmdir og leitast verði við að skilgreina hvaða framkvæmdir teljist nægilegar stórvægilegar til að geta valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum. Ráðuneytið vísar til umfjöllunar hér að framan um heimildir til að setja

viðmiðunarmörk vegna framkvæmda.

4. Hafnarsambandið

Í umsögninni kemur fram að verið sé að fjölga þeim málum sem taka skuli til umfjöllunar í formi tilkynninga til Skipulagsstofnunar.

Ekki liggur alveg fyrir hvaða áhrif breyting á viðaukum laganna muni hafa á málafjölda þeirra framkvæmda sem tilkynna skuli til Skipulagsstofnunar. Ef frumvarpið verður að lögum verða til framkvæmdaflokkar í tengslum við framkvæmdir sem eru mjög fátíðar t.d. framleiðsla á sætindum og sírópi á verndarsvæðum. Mun niðurfelling viðmiða þ.e. fjölgun framkvæmda varðandi slíkar framkvæmdir breyta litlu varðandi fjölda tilkynninga til stofnunarinnar. Í öðrum tilvikum mun samþykkt frumvarpsins leiða til fjölgunar framkvæmda, sérstaklega varðandi nokkrar algengar framkvæmdir s.s. efnistöku og vegagerð. Miklu máli skiptir að allir leyfisveitendur, sérstaklega sveitarfélög, verði meðvitaðir um þær breytingar sem frumvarpið boðar. Það ræðst mikið af hvernig til tekst varðandi kynningu á lagabreytingum og eftirfylgni þeirrar kynningar hve mikil aukningin verður. Jafnframt kann það að haldast í hendur við það hversu vel tekst til varðandi kynningu á breytingum hvernig ganga muni að framfylgja nýrri reglugerð um framkvæmdaleyfi. En samþykki frumvarpsins mun leiða til þess að fleiri framkvæmdir verða leyfisskyldar en verið hefur fram að þessu. Skipulagsstofnun mun standa að kynningu á breytingunum fyrir þá sem málið varðar auk þess sem leiðbeiningar stofnunarinnar varðandi mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi verða uppfærðar og þeim komið á framfæri. Þá þarf að hafa í huga að væntanlega mun stærstur hluti nýrra tilkynninga vegna framkvæmd sem falla í flokk C fela í sér umfangsminni framkvæmdir og/eða þær eru á síður viðkvæmum svæðum. Það ætti að leiða til þess að tilkynningarnar verði smærri að sniðum, fljót afgreiddri og oft á tíðum án þess að nokkurt eða fullt umsagnarferli muni þurfa að eiga sér stað. Sé tekið mið af fjölda ákvarðana sem Skipulagsstofnun hefur tekið í matsskyldumálum sl. ár þá voru að meðaltali 38 á ári á árunum 2001-2010. Meðal tímafjöldi sérfræðings við vinnu slíkra ákvörðunar hefur verið um 20 tímar. Skipulagsstofnun gerir ráð fyrir að fjöldi þeirra mála sem muni falla í flokk C geti orðið u.þ.b. 45 – 50 að meðaltali á ári og mun vinna að baki hverri ákvörðun vegna slíkra mála geta tekið að meðaltali um 10 tíma hjá sérfræðingi.

Þær breytingar á framkvæmdum sem talið er að helst muni hafa í för með sér fleiri tilkynningar raktar hér að neðan.

Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi. Búist er við aukningu á tilkynningum vegna skógræktar sem gerð er tillaga um að falli í flokk C. Væntanlega yrði þó ekki um að ræða mörg verkefni á ári. Óljóst er hversu langt framkvæmdir við einstaka skógræktarsamninga á grundvelli landshlutabundinna skógræktarverkefna eru komnar. Ekki er gert ráð fyrir að tilkynnt verði til Skipulagsstofnunar um einstaka skógræktarsvæði þar sem framkvæmdir eru hafnar. Hinsvegar mun þurfa að tilkynna framkvæmd til Skipulagsstofnunar á þeim skógræktarsvæðum innan landshlutabundnu skógræktarverkefnanna þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar ef frumvarpið verður samþykkt.

Varðandi fiskeldi þá hafa nokkur leyfi verið gefin út fyrir fiskeldi undir 200 tonnum og því má búast við nokkrum tilkynningum árlega vegna fiskeldis undir þeim mörkum þar sem slíkar framkvæmdir falla nú undir flokk C.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um að allt þaueldi búfjár muni falla undir lögin. Búast má við fjölgun tilkynninga vegna loðdýraeldis en það hefur ekki fallið undir lögin fram að þessu. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að loðdýraeldi falli í flokk B og má búast við að einstaka mál verði tilkynnt til Skipulagsstofnunar árlega vegna þess.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á lögunum varðandi námuiðnað. Til verða nokkrir framkvæmdaflokkar vegna niðurfellingar viðmiðana sem munu falla í flokk C.

Þá er lagt til í frumvarpinu að efnistaka á verndarsvæðum verði tilkynningaskyld og að haugsetning fái sambærilegrar málsmeðferðar og efnistaka. Ljóst er að víða um land á sér stað efnistaka sem er undir núverandi viðmiðum í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Einnig er ljóst að víða er pottur brotinn varðandi útgáfu framkvæmdaleyfa vegna efnistöku og að fjallað sé um efnistöku í skipulagi. Vonir eru bundnar við að ný reglugerð um framkvæmdaleyfi muni ýta við framkvæmdaraðilum um að sækja um framkvæmdaleyfi vegna smærri og jafnvel stærri efnistöku. Það sama á við um haugsetningu. Ef frumvarpið verður samþykkt má búast við mestri fjölgun tilkynninga til Skipulagsstofnunar varðandi efnistöku og haugsetningu.

Í flokk C munu falla framkvæmdir vegna borana eftir vatni undir 100 l/sek. Mun framangreind breyting væntanlega leiða til fjölgunar tilkynninga til Skipulagsstofnunar t.d. varðandi borun eftir vatni við sumarhúsahverfi.

Varðandi orkuiðnaðinn gæti helst komið til aukins fjölda tilkynninga vegna smávirkjana undir 200 kW og lagningu styttri niðurgrafinna jarðstrengja. Óljóst er hversu mikið er um gerð nýrra smávirkjana af þessari stærð en væntanleg má búast við nokkrum málum á ári og eins nokkrum málum vegna

niðurgraffinna jarðstrengja.

Vegna framkvæmda á grunnvirkjum þá er gerð tillaga í frumvarpinu um að stærri byggingarframkvæmdir í þéttbýli, þar með talið verslunarmiðstöðvar, bílastæði, íþróttaleikvangar, háskólar, sjúkrahús, ný uppbygging hverfa og aðrar sambærilegar framkvæmdir muni verða tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Þarna er um nýtt ákvæði að ræða og er búist við nokkrum tilkynningum árlega sem falla munu í þennan flokk.

Varðandi vegafamkvæmdir þá má búast við nokkurri aukningu á tilkynningum á ári.

Varðandi lagningu á allt að 10 km niðurgraffinni vatnsleiðslu sem er framkvæmd sem gerð er tillaga um í frumvarpinu að falli í flokk C þá er ekki fyllilega ljóst hversu margar slíkar framkvæmdir fara fram á ári. Búast má við að nokkrar slíkar framkvæmdir verði tilkynntar til Skipulagsstofnunar á ári hverju.

Varðandi framkvæmdir tengdar ferðalögum og tómsundum er búist við að samanlögðu gætu breytingar þær sem gerð er tillaga um í frumvarpinu leitt til nokkurrar aukningar á tilkynningum á ári hverju.

Varðandi þá tillögu í frumvarpinu er fjallar um að breytingar og viðbætur við framkvæmdir verði tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar þá er ein helsta óvissan varðandi fjölgun mála breytingar eða viðbætur vegna framkvæmda sem falla í flokk C. Ef breytingar og viðbætur við framkvæmdir sem falla í flokk C skila sér inn sem tilkynningar til Skipulagsstofnunar þá má búast við að þar verði um all nokkra aukningu að ræða.

Í umsögninni kemur fram að fjölgun tilkynninga muni leiða til mögulegra tafa á að framkvæmdir geti hafist og auknum kostnaði.

Skipulagsstofnun bendir á að þrátt fyrir að framkvæmdir í flokki C séu flestar litlar að umfangi þurfi allar framkvæmdir eða starfsemi einhvern undirbúning s.s. fjármögnun og hönnun sem taki tíma og þá þurfi einnig að vera tryggt að framkvæmdin sé í samræmi við skipulag. Sá sem hyggur á framkvæmd þurfi samhliða framangreindum atriðum að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar og sé það gert tímanlega eigi sá ferill ekki að teyja framgang framkvæmdanna. Skipulagsstofnun mun, ef frumvarpið verður samþykkt, kynna m.a. fyrir hagsmunaaðilum þær breytingar sem frumvarpið boðar og þá málsmeðferð sem lagt er til varðandi framkvæmdir sem falla í flokk C. Eiga framkvæmdaraðilar að verða upplýstir um málsmeðferð þeirra framkvæmda sem falla í flokk C í kjölfar slíkrar kynningar. Ætti slík kynning að leiða til breytingar á hugafari á þann hátt að framkvæmdaaðilar verða meðvitaðir um að huga að því tímanlega að tilkynna slíkar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar. Eins og áður hefur komið fram hefur tekið gildi ný reglugerð um framkvæmdaleyfi. Í reglugerðinni er gerð krafa um þau gögn sem fylgja þarf umsókn um framkvæmdaleyfi en þau eru mörg þau sömu og þurfa að liggja til grundvallar tilkynningu til Skipulagsstofnunar. Það ætti því ekki að leiða til verulegs aukin kostnaðar fyrir framkvæmdaraðila að tilkynna framkvæmd sem fellur í flokk C til Skipulagsstofnunar.

Í umsögninni kemur fram að frumvarpið, verði það samþykkt, muni fylgja aukið álag á helstu umsagnaraðila og sveitarfélög.

Ljóst er að breytingin mun geta valdið auknu álagi á helstu umsagnaraðila. Búist er þó við að Skipulagsstofnun muni geta afgreitt mál án nokkurs eða fulls umsagnarferlis í mörgum tilvikum og því ætti sú aukning ekki að leiða til markverðar aukningar á fjölda umsagnarbeiðna til helstu umsagnaraðila. Búist er við að samþykkt frumvarpsins muni leiða til aukins álags á sveitarfélög vegna fjölgunar á leyfissskyldum framkvæmdum. Hinsvegar má benda á að málsmeðferð sú sem framkvæmdir í flokki C þurfa að hlíta vegna tilkynningar til Skipulagsstofnunar geta mögulega dregið fram skilyrði eða ábendingar um verktilhögun sem hægt er að nýta við útgáfu framkvæmdaleyfis. Einnig getur efni tilkynningar til Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdar í flokki C nýst sem efniviður í framkvæmdaleyfið.

Hafnarsambandið leggur áherslu á að markmið íþyngjandi lagabreytinga þurfi að vera skýr. Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum er m.a. að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Tilskipun um mat á umhverfisáhrifum er m.a byggð á meginreglum umhverfisréttar sem mótast hafa á síðustu áratugum, t.d varúðarreglunni, sem felur í sér að umhverfið og náttúran en ekki framkvæmdin skuli njóta vafans. Í ljósi þess er talið eðlilegt að þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í tilskipuninni hljóti ákveðna málsmeðferð, þ.e. að tekin sé upplýst ákvörðun um útgáfa leyfa til framkvæmda sem byggð er á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Hafnarsambandið gerir athugasemdir við 1.350 tonna viðmið í tölulið 10.11 og segir þau viðmið vera úrelt. Í ákvæðinu felist að allar hafnarframkvæmdir séu matsskyldar hvort sem um er að ræða nýja hafnargerð eða endurnýjun eldri hafnarmannvirkja. Ráðuneytið bendir á að um er að ræða sama viðmið og kemur fram í tilskipuninni og því ekki hægt að leggja til herra viðmið en þar kemur fram.

Varðandi þetta atriði skal bent á að tilskipunin er upphaflega frá árinu 1985 og í gangi er vinna við endurskoðun hennar, mögulega mun verða gerð breyting á viðmiðunum við þá endurskoðun. Sé um að ræða endurnýjun eldri hafnarmannvirkja þá eru falla þau undir töluliði 13.01 – 13.03 í frumvarpinu

og í flestum tilvikum felur endurnýjun eldri hafnarmannvirkja í sér framkvæmdir sem falla í flokk B eða C, þ.e. eru tilkynningaskyldar en ekki matsskyldar.

Athugasemd er gerð við að allar hafnarframkvæmdir sem ekki eru matsskyldar verði tilkynningaskyldar og er ekki gerður greinarmunur á þeim höfnum sem eru til staðar og nýjum höfnum. Við gerð viðlegumannvirkja innan þeirra hafnarsvæða sem þegar er á skipulagi sem hafnarsvæði sé mikilvægt að taka tillit til þeirrar starfsemi sem þegar er til staðar og undanskilja þær framkvæmdir umhverfismati, nema sérstakar aðstæður kalli á slíkt.

Fram að þessu hefur Skipulagsstofnun átt í ágætu samstarfi við framkvæmdaraðila hafnarsvæða þegar komið hefur til álita hvort breytingar á hafnarmannvirkjum innan hafnarsvæða falli undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun býst við þrátt fyrir fyrirhugaðar lagabreytingar muni eftir sem áður koma til skoðunar í einstaka tilvikum hvort breytingar á mannvirkjum innan hafnarsvæða teljist til nýrra framkvæmda eða teljist vera hluti af eðlilegri innri þróun hafnarmannvirkisins. Það sama á við um dýpkunarframkvæmdir innan hafnarsvæða, sem getur verið hluti af reglulegum rekstri hafnarsvæðis og flokkast þá ekki sem efnistaka í skilningi laganna.

Hafnarsambandið gerir athugasemd þess efnis að sett verði neðri viðmið um til hvers konar hafnarframkvæmda ætti að taka til, t.d. nýrra hafna með 100 m bakka og grjótvörn. Ráðuneytið vísar til þess sem fram hefur komið hér að framan um að ekki er heimilt að setja inn viðmiðunarmörk fyrir framkvæmdir. Er ástæða þess sú að óvíst er um umhverfisáhrif framkvæmdanna sem falla utan við viðmiðin og ekki talið að þau áhrif verði þekkt nema með skoðun hvers tilviks fyrir sig.

5. Umhverfisstofnun

Hvenær verður umsagna óskað vegna framkvæmda sem falla í C flokk?

(Sömu athugasemd var einnig að finna í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Náttúrufræðistofnun Íslands.)

Fram koma áhyggjur þess efnis að Skipulagsstofnun muni mögulega afgreiða mál tengt framkvæmdum í flokki C án þess að óska nauðsynlegra umsagna til þess að hægt verði að standa við þau tímatakmörk sem stofnunin er bundin til að ljúka ákvörðun.

Skipulagsstofnun mun um leið og frumvarpið verður að lögum efna til kynningar og samráðs m.a. hjá umsagnaraðilum. Því er m.a. ætlað að fá fram ábendingar fagstofnana um í hvaða tilvikum þær telji nauðsynlegt að óskað sé umsagnar þeirra vegna framkvæmda í flokki C og mun Skipulagsstofnun taka mið af því þegar verklag verður mótað vegna málsmeðferðar framkvæmda í flokki C innan stofnunarinnar. Ráðuneytið vill í þessu sambandi einnig benda á að Skipulagsstofnun ber að fara að rannsóknarreglu stjórnsýslulaga og mun því ekki afgreiða mál nema að fyrir liggja allar upplýsingar sem þörf er talið á til að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að breyta eigi viðmiðum nokkurra tölulíða. (Sömu athugasemd er að finna í umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands)

Ráðuneytið bendir á að vinna við frumvarpið fól ekki í sér vinnu við að breyta þeim viðmiðum sem eru til staðar samkvæmt núgildandi lögum nema í þeim tilfellum sem ESA gerði athugasemdir við slíkt. Í frumvarpinu er aðeins lögð áhersla á að gera þær augljósu breytingar sem athugasemdir ESA kölluðu á. Ennfremur kallar slík endurskoðun á mikið samráð og vinnu stofnana og hagsmunaaðila. Einnig skal bent á eins og áður hefur komið fram að fyrir liggur að unnið er að endurskoðun tilskipunar um mat á umhverfisáhrifum og mun endurskoðun tilskipunarinnar án efa kalla á breytingar á viðaukum og viðmiðum laganna.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við lið 11.15 um endurnýtingu úrgangs. Framangreindur liður um endurnýtingu úrgangs byggir ekki á tilskipun um mat á umhverfisáhrifum heldur er um íslenskt ákvæði að ræða. Í núgildandi lögum er ekkert viðmið tengt ákvæðinu. Í umsögn Umhverfisstofnunar við drög að frumvarpinu komu fram athugasemdir við framangreint ákvæði sem m.a. lagði til það orðalag sem er í frumvarpinu nú (og stofnunin gerir athugasemd við), en stofnunin lagði til að viðmiðið yrði 5.000 tonn fyrir flokk B og að endurnýting úrgangs undir 5.000 tonnum félli í flokk C. Skipulagsstofnun taldi hins vegar að það væri of hátt og því var lagt til í frumvarpinu að viðmiðið yrði 500 tonn þar sem endurnýtingarstarfsemi undir því viðmiði færi fram innan gámasvæða eða móttökustöðva sem séu háðar starfsleyfi (og því hægt að binda skilyrðum) og þá væri starfsemi og áhrif endurnýtingarinnar lítil hluti þeirrar starfsemi sem bundin væri starfsleyfinu. Ráðuneytið bendir á að um er að ræða íslenskt ákvæði og því er löggjafinn ekki bundinn af því að hafa ekki viðmið varðandi mörk endurnýtingar úrgangs. Við nánari skoðun telur ráðuneytið að eðlilegt sé að úrgangur undir 500 tonnum ætti að falla í flokk C.

6. Náttúrufræðistofnun Íslands

Gerð er athugasemd við að ekki sé skýrt hvort tímafrestir sem gefir eru í 4. gr. eigi eingöngu við þann tíma sem Skipulagsstofnun hefur til að taka ákvörðun eða hvort um sé að ræða heildartíma

(umsagnarferli, ákvörðun Skipulagsstofnunar, þ.m.t. tíma sem fer í að óska eftir frekari gögnum).

Skipulagsstofnun hefur fram að þessu ekki tekið við tilkynningum telji stofnunin gögnin ekki fullnægjandi. Þegar stofnunin telur að tilkynningin sé fullnægjandi svo hægt sé að óska umsagna þá hefst upphaf þess tímabrests sem stofnunin hefur til að taka ákvörðun sína, sem miðað við núgildandi lög eru 4 vikur og inni í þeim tíma er 10 daga umsagnafrestur. Komi til þess að umsagnaraðilar óska frekari skýringa fær framkvæmdaraðili tækifæri til að bregðast við fram komnum athugasemdum og hafa þeir a.m.k. þrjá daga til að vinna úr þeim athugasemdum. Taki framkvæmdaraðili sér lengri tíma til að fara yfir fram komnar athugasemdir skal hann tilkynna það Skipulagsstofnun og lengist þá frestur Skipulagsstofnunar til að taka ákvörðun sem því nemur, skv. 11. gr. reglugerðar um lög um mat á umhverfisáhrifum. Með tilliti til þessa mun heildartími ákvörðunar Skipulagsstofnunar vegna framkvæmda sem falla í flokk C þar sem ekki verður óskað umsagna tvær vikur. Vegna mála þar sem Skipulagsstofnun óskar umsagna tekur stofnunin sé 3 vikur til ákvörðunarinnar að því gefnu að framkvæmdaraðili taki sér ekki lengri frest en 3 daga til að bregðast við umsögnum sbr. framangreint reglugerðarákvæði.

7. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogs og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir athugasemd við þann mikla málafjölda sem til verður vegna tilkomu framkvæmda í flokki C. Vísað er til umfjöllunar um athugasemdir Hafnarsambandsins.

Gerð er athugasemd við að framkvæmdir séu svo litlar að áhrif þeirra séu hverfandi. Ráðuneytið bendir á að ef framkvæmdir/starfsemi eru það litlar að þær kalli ekki á leyfi s.s. bakstur í heimahúsum eða efnistaka til eigin nota í tengslum við búskap þá falla þær framkvæmdir/starfsemi ekki undir lög. Einnig skal bent á að skv. skilgreiningu Skógræktar ríkisins er skógur skilgreindur m.a. út frá flatarmáli 0,5 ha og því fellur skógrækt undir þeim mörkum ekki undir lög. Lög um mat á umhverfisáhrifum fjalla aðeins um leyfisskyldar framkvæmdir/starfsemi en ekki framkvæmdir sem ekki eru háðar leyfum.

Í umsögn heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs og heilbrigðiseftirlits Suðurlands er komið á framfæri áhyggjum af afgreiðslu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Fyrirgreindar áhyggjur lúta að aðkomu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í málum sem snúa að þeim tilvikum sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn frá viðkomandi heilbrigðiseftirliti vegna tilkynningarskyldrar framkvæmdar sem fellur í flokk C. Í umsögninni kemur fram umsagnaraðilar telja að Skipulagsstofnun sé gefinn of naumur tími til að afgreiða þær tilkynningar er fjalla um framkvæmdir sem falla í flokk C og telja jafnframt að þessi stutti frestur geti leitt til þess að umsagnaraðilar nái ekki að vinna umsagnir sínar eins vel og hægt er vegna tímaskorts. Ennfremur að ekki verði tími til þess að ræða fyrirhugaðar umsagnir í nefndum eða að upplýsa kjörna fulltrúa áður en umsögn er veitt. Einnig telja umsagnaraðilar að þessi stutti tímabrestur geti orðið til þess að Skipulagsstofnun freistist til þess að leita ekki eftir umsögnum þar sem stofnuninni er ekki skylt að leita eftir þeim. Telja umsagnaraðilar að þannig geti glatast mikilvægt tækifæri fyrir umsagnaraðila til að koma á framfæri upplýsingum sem mögulega gætu haft áhrif á mat Skipulagsstofnunar á því hvort tiltekin framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frumvarpi um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum segir að ef framkvæmd fellur í flokk C í skuli Skipulagsstofnun innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum. Taki Skipulagsstofnun ákvörðun um að leita álags lengst frestur stofnunarinnar til að taka ákvörðun um matsskyldu um eina viku. Ljóst er að til að Skipulagsstofnun geti tekið ákvörðun matsskyldu framkvæmdar þá þurfa að liggja fyrir vissar upplýsingar um framkvæmdina sem oft eru aðeins fengnar frá umsagnaraðilum. Einnig ber Skipulagsstofnun að fylgja rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Ekki er því tilefni til að ætla að Skipulagsstofnun komi sér hjá því að leita umsagna þegar upplýsingar vanti frá umsagnaraðilum til að taka ákvörðun.

8. Siglingastofnun

Siglingastofnun gerir athugasemdir við lið 2.04 að efnistaka á hafsbotni sé undir viðmiðum sem fram koma í flokki A og B. Skipulagsstofnun lítur svo á að dýpkunarframkvæmdir innan hafnarsvæða sem eru hluti af rekstri hafnarsvæðisins teljist ekki efnistaka í skilningi laganna. Hins vegar þarf leyfi Umhverfisstofnunar til þess að varpa efnunum í hafið, þ.m.t. dýpkunarefni og ætti slíkt haugsetningarsvæði í hafi að tilkynnast inn til Skipulagsstofnunar sbr. sama tölulið þegar það er tekið í notkun. Ekki ætti því að þurfa að tilkynna Skipulagsstofnun um efnistöku vegna dýpkunarframkvæmda í hvert skipti og þess er þörf hafi haugsetningarsvæðið hlotið viðeigandi málsmeðferð í upphafi og dýpkunin er innan hafnarsvæðis.

Gerð er athugasemd við lið 10.14. í frumvarpinu og er vísað til svars við athugasemdum Hafnarsambandsins varðandi þann lið.

Gerð er athugasemd við lið 10.23 í frumvarpinu. Mun umfjöllun um þá athugasemd verða send í

öðru minnisblaði.

9. Skógrækt ríkisins og Landssamtök skógareigenda

Fram kemur í umsögnum að tillaga að breytingum á lögum um mat á umhverfisáhrifum sé íþyngjandi og kostnaðarsöm.

Skipulagsstofnun bendir á að við gerð tilkynninga er mikilvægt að nýta þau gögn sem eru til staðar á viðkomandi svæði t.d. gæti fornleifaskráning hafa verið gerð af sveitarfélagi við gerð skipulagsáætlana sem mætti nýta í tilkynningu til Skipulagsstofnunar. Þá ættu gögn sem Skógrækt ríkisins hefur safnað saman við sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum skv. 25. gr. laga um skógrækt nr. 3/1952, einnig að geta nýst skógræktendum við gerð tilkynninga. Einnig ætti skógræktandi nytjaskóga á bújörðum ekki að þurfa að vinna aðra skógræktaráætlun fyrir tilkynningu til Skipulagsstofnunar en hann vann áður en styrkur var veittur við undirbúning skógræktarlands, skv. 25. gr. laga um skógrækt. Ennfremur ættu gögn sem unnin hafa verið til að byggja á landshlutaáætlanir í skógrækt sem og samningar við einsaka skógræktendur á grundvelli laga um landshlutabundna skógrækt nr. 95/2006 að geta nýst sem gögn í tilkynningar til Skipulagsstofnunar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og Skógræktar ríkisins, Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga (2008) er greint frá því hvað fram eigi að koma í svokölluðum ræktunaráætlunum sem skógræktandi í landshlutaverkefnum í skógrækt á að leggja fram. Stór hluti af þeim upplýsingum á að geta nýst sem góður grunnur í tilkynningu. Þá verður hægt að nota efni tilkynninga sem gögn vegna umsókna um framkvæmdaleyfi sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Fram kemur í umsögn Skógræktar ríkisins að „Grunnstef tilskipunarinnar og héraðslaga laga um mat á umhverfisáhrifum er að ávalt fjallað um veruleg umhverfisáhrif, sem bendir til þess að það hafi hingað til hvorki verið ætlun löggjafans ESB né Íslendinga að lögin nái til framkvæmda sem ekki séu líklegar til að hafa veruleg áhrif.“

Ráðuneytið bendir á að í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum eru tilgreindar framkvæmdir og starfsemi sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er skógrækt á yfir 200 ha svæði nefnd sem slík framkvæmd. Eins og fram hefur komið er ekki leyfilegt að notast við slík viðmið og ekki heimilt að gefa sér fyrirfram að ákveðin starfsemi/framkvæmdir hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif. Því mun skógrækt undir 200 ha falla í flokk C enda er skógrækt framkvæmd sem fellur undir tilskipunina.

Farið er fram á að lagður verði niður a-liður 10. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið bendir á að samræmi þarf að vera á milli fyrirhugaðra breytinga á lögum um náttúruvernd og laga um mat á umhverfisáhrifum, en í þeim fyrnefndu er m.a. lagt upp með að tryggja stöðu náttúruminjasrár. Vísað er til nánari umfjöllunar í athugasemdum frá Samtökum atvinnulífsins.

Nánar verður fjallað um umsagnir Samorku og Vegagerðarinnar í öðru minnisblaði.